



Þingfundargerð 31. ársþings Keilusambands Íslands 25. maí 2024 í húsnæði Íþróttasambands Íslands (ÍSí) að Engjateigi 6, 104 Reykjavík

1. Þingsetning

Jóna Guðrún Kristinsdóttir formaður (JGK) setur þing kl: 13:10

JGK minnst Guðna Steinars Gústafssonar sem lést á árinu. Hann spilaði síðasta keiluleik sinn árið 2017 og var skoðunarmaður reikninga KLÍ til 2020. Mínútu þögn var haldin honum til heiðurs.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

JGK tilnefnir Hafstein Pálsson (HP) sem þingforseta og Valgerði Rún Benediktsdóttur (VRB) sem þingritara og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosnar fastanefndir

Gengið var til kosninga í kjörbréfnanefnd og er hún þannig skipuð:

- a. Kjörbréfanefnd
 - i. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir ÍR
 - ii. Katrín Fjóra Bragadóttir KFR
 - iii. Guðjón Júlíusson KFR

Áður en aðrar nefndir voru kosnar gaf þingritari formanni orðið. JGK veitti Mikael Aroni Vilhelmssyni sérstaka viðurkenningu en hann vann til bronsverðlauna á Evrópumóti unglunga – EYC 2024.

Kjörbréfanefnd tók til starfa.

Gengið var til kosninga í aðrar nefndir og eru þær þannig skipaðar:

- b. Fjárhagsnefnd
 - i. Halldóra Íris Ingvarsdóttir ÍR
 - ii. Sigríður H. Ólafsdóttir KFR
 - iii. Júlíus Helgi Eyjólfsson Ösp
- c. Allsherjarnefnd
 - i. Jóhann Ágúst Jóhannsson ÍR
 - ii. Skúli Freyr Sigurðsson KFR
 - iii. Björn Kristinsson KR
- d. Kjörnefnd
 - i. Halldóra Björk Þórarinsdóttir ÍR
 - ii. Viktoría Hrund Þórisdóttir KFR
 - iii. Unnar Óli Þórsson ÍR

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

JGK þakkar ÍSí fyrir að hýsa þingið annað árið í röð.

Fór yfir að nú væri öðru ári hennar sem formaður að ljúka og að það hefði verið ansi sveiflukennt, áskoranirnar hafa verið margar en á sama tíma hafi margt afrekast. Samdráttur á fjárframlögum frá Reykjavíkurborg setji keilustarfið í erfiða stöðu og hafa félögin leitast eftir því að sambandið komi inn í viðræður við borgina til að reyna að leysa þau mál. Lokun keilusalarins á Akranesi var einnig mikið áfall en vonandi verður bætt úr aðstöðumálum á Akranesi hið fyrsta.

Tímabilið var þó ekki bara neikvætt heldur var mörgu komið í verk einnig. Ráðning yfirþjálfara landsliða var einnig eitt af stóru markmiðum ársins og var Mark Heathorn ráðinn til starfa. Stjórn sambandsins telur þetta mikilvægt skref í þeirri vegferð að skapa heildstæða umgjörð og samþætt starf fyrir öll landslið ásamt því að stuðla að frekari framþróun bæði leikmanna og þjálfara á vegum sambandsins.

Árlegu Reykjavíkurleikarnir voru svo haldnir í lok janúar og að þessu sinni var ákveðið að prufa að hafa það Evróputúrstopp. Mótið var ekki haldið á heppilegum tíma gagnvart sænsku deildinni en engu að síður vel sótt og heppnaðist vel. Þegar er hafin vinna við undirbúning næsta móts sem áætlað er að haldið verði með sambærilegum hætti aftur í byrjun febrúar 2025.

Til viðbótar því sem átt hefur sér stað hérna heima hafa verkefni á erlendri grundu verið þónokkur bæði hjá forystu sambandsins sem og iðkendum á öllum aldri.

Að lokum eru það aðstöðumálin. Formaður hef átt nokkur góð samtöl við Ásmund Einar og fleiri innan stjórnmalanna um aðstöðu keilunnar og hefur þeim samtölum miðað í jákvæða átt. Formaður mun halda þeirri umræðu á lofti og halda áfram að þrýsta á framgang í þessum málum.

Formaður þakkar fyrir frábær ár, upplýsandi og áhugaverð samtöl og skemmtilegar stundir sem hún vona að verði enn fleiri á komandi árum. (Pistil formanns má lesa í heild sinni í ársskýrslu 2023-2024).

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Þórarinn Már Þórarinnsson (PMP) fer yfir ársreikning KLÍ.

Rekstrarekjur voru rúmlega 44 milljónir, rekstrargjöld rúmlega 47 milljónir og rekstrartap tæpar 2 milljónir. Skýringar á tapi dýrari fargjöld og dýrari rekstur almennt.

Eigið fé og skuldir eru um 31 milljón (sjá nánar í ársskýrslu).

Þingforseti notar tækifærið og flytur kveðju frá ÍSí og þakkar samstarfið á árinu. Augljóst af ársreikningi að tekjur af getraunum skipta íþróttahreyfinguna miklu máli. Hreyfingin stendur í mjög harðri samkeppni við ólöglegar veðmálasíður og því verður íþróttahreyfingin af verulegum tekjum í ljósi þess að ekki er brugðist við. Vekur einnig athygli á nýrri afreksstefnu Íslands og auknum áhuga á afreksstarfi. Ekki komið í ljós hversu mikið fjármagn fylgir þeirri stefnu né hvernig því verður skipt milli félaga. Þá er verið að koma á fót nýjum svæðisskrifstofum um allt land, með tveimur starfsmönnum á hverri skrifstofu, en markmiðið er að auka þátttöku í íþróttum. Svo eru ólympíuleikar í sumar og verður fróðlegt að sjá hversu marga fulltrúa Ísland mun eiga á leikunum.

Þingforseti gaf orðið laus um reikninga. Gerðar voru athugasemdir við bókhaldskostnað þar sem betra tilboð í þá vinnu hafi legið fyrir. PMP skýrir að málið sé í vinnslu.

Þingforseti gefur kjörbréfanefnd orðið. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir formaður kjörbréfanefndar fer yfir niðurstöður hennar. Alls voru 20 þingfulltrúar mættir og skiptast þeir með eftirfarandi hætti:

- ÍR = 10
- Ösp = 2
- KR = 3
- KFR = 5

Kjörbréf samþykkt samhljóða (sjá fylgiskjöl þinggerðar).

Reikningar félagsins voru því næst bornir undir samþykki og voru þeir samþykktir samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

ÞMP fór yfir fjárhagsáætlun KLÍ fyrir starfsárið 2025 og endurmetna áætlun fyrir starfsárið 2024 (sjá nánar á fylgiskjali). Athugasemdir við fjármögnun RIG, þ.e. að KLÍ sé að hagnast á mótinu á meðan Reykjavíkurfélögin þurfa að skera niður starf barna. Þessari umræðu ásamt fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið

Engar lagabreytingar komið fram og þessi felldur niður.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

Engin önnur mál og þessi liður felldur niður.

Þinghlé

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Formaður fjárhagsnefndar fer yfir niðurstöðu fjárhagsnefndar. Leggja til eftirfarandi tillögur:

- Þátttökugjöld ýmissa móta og æfinga hækki um 1,7 m.kr. og verði 7.5 m.kr.
- Verðlaunakostnaður hækki um 200 þúsund kr. og verði 1.1. m.kr.
- Gjöld alls verði þá 48,7 m.kr.

Tillaga fjárhagsnefndar og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Engin mál bárust til allsherjarnefndar.

10. Önnur mál

Kom fyrirspurn af hverju fundargerðir stjórnar hefðu ekki borist félögunum eins og reglur kveða á um. Formaður svara að hún sé að safna saman öllum fundargerðum og þær verði sendar fljótlega. Skýringin sú að ritarar hafi hætt á miðju tímabili og þá hafi skipulag um fundargerðir riðlast. Unnið sé að úrbótum á því.

Ábendingar um að skoða reglugerð um vensl. Spurning hvaða áhrif reglan um að ekki megi leika með tveimur liðum í sömu leikviku hafi hjá þeim liðum sem spila óreglulega. Rætt að reglugerðin væri flókin og auðvelt að mistúlka reglurnar. Einnig spurt um eftirlit með venslum og svaraði framkvæmdastjóri því til að það væri eftirlit hjá honum við skráningu en það væri ekki sjálfvirkt eftirlit í skráningarkerfinu. Einnig rætt um að það sé fyrirliða liðs að hafa eftirlit með sínu liði. Rætt um að þessar reglur voru fyrst töluvert stífari áður og hafa tekið breytingum í gegnum árin. Því beint til stjórnar að skoða reglur um vensl út frá umræðum á fundinum.

Rætt um möguleika á endurnýtingu verðlaunagripa. Kom fram að Öspin hefur nýtt eldri verðlaunagripi og að engu sé hent. Hægt að koma með eldri gripi á skrifstofu og framkvæmdastjóri reynir að koma þeim í notkun.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á þing ÍSÍ

11.1. Kosning formanns til tveggja ára

Fyrir lá framboð Jónu Guðrúnar Kristinsdóttur til formanns.

Ekkert mótframboð kom og var hún því sjálfkjörin

11.2. Kosið er um tvo aðalmenn í stjórn til tveggja ára.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- Gunnar Þór Ásgeirsson (ÍR)
- Skúli Freyr Sigurðsson (KFR)

Ekkert mótframboð kom og eru þeir því sjálfkjörinir.

11.3. Kosið um tvo aðalmenn í stjórn til eins árs.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- Helga Hákonardóttir (Ösp)
- Valdimar Guðmundsson (ÍR)

Ekkert mótframboð kom og eru þeir því sjálfkjörinir.

11.3. Kosið um þrjá varamann í stjórn til eins árs.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð

- Katrín Fjóla Bragadóttir – fyrsti varamaður (KFR)
- Böðvar Már Böðvarsson – annar varamaður (ÍR)
- Nanna Hólm Davíðsdóttir – þriðji varamaður (ÍR)

Ekkert mótframboð kom og eru þau því sjálfkjörinir.

11.3. Kosið um fulltrúa og varafulltrúa á þing ÍSÍ.

Málinu vísað til stjórnar.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Fyrir lágu eftirfarandi framboð:

Aðalmenn: Einar Már Björnsson og Andri Freyr Jónsson

Varamenn: Pétur Helgason og Hjalti Ásbjarnstsson

Engin mótframboð bárust og voru þeir því sjálfkjörinir.

13. Þingslit

Þingforseti gefur formanni orðið. Formaður tilkynnir að ákveðið hafi verið að sæma Jóhann Ágúst Jóhannsson gullmerki KLÍ fyrir ómetanleg störf í þágu keiluíþróttarinnar á Íslandi.

Þingforseti þakkar fyrir hönd starfsmanna þingsins fyrir samstarfið. Óskar fundarmönnum góðs gengis að efla íþróttina.

Þingforseti slítur að því loknu þingi 14:55.